

Borgarráð

Tillaga um Græn skuldabréf Reykjavíkurborgar

Lagt er til að stofnaður verði nýr grænn flokkur skuldabréfa, RVKG XX 1. Skuldabréfin eru verðtryggð með jöfnum greiðslum (annuitet) á sex mánaða fresti og með lokagjalddaga 21. október 2048. Bréfin bera fasta vexti sem verða ákveðnir í söluferlinu. Skuldabréfin eru gefin út sem græn skuldabréf í þeim tilgangi að fjármagna græn verkefni Reykjavíkurborgar í samræmi við Grænan ramma Reykjavíkurborgar (*Green Bond Framework*) sem lagður verður fyrir borgarráð þann 29. nóvember nk. til samþykktar.

Einnig er lagt til að sett verði á laggir sérstök valnefnd sem mun fara yfir og gera tillögu til borgarráðs um þau verkefni sem verða fjármögnuð með grænum skuldabréfum.

Þá er lagt til að borgarráð veiti fjármálastjóra Reykjavíkurborgar heimild til að ganga til samninga við ráðgjafafyrirtæki og fjármálafyrirtæki til að sinna ráðgjöf og vinnu við stofnun og sölu skuldabréfa-flokksins.

Greinargerð

Tilgangurinn með útgáfu grænna skuldabréfa er að fjármagna græn verkefni borgarinnar í samræmi við Grænan ramma Reykjavíkurborgar (*Green Bond Framework*) en tillaga um Grænan ramma borgarinnar verður lögð fyrir borgarráð 29. nóvember nk. Græni ramminn verður síðan birtur á heimasíðu Reykjavíkurborgar <http://www.reykjavik.is/>.

Umrætt lánsfé má einungis nýta til fjármögnunar grænna fjárfestinga eða eftir atvikum endurfjármögnunar grænna verkefna í samræmi við Græna rammann og skal ráðstöfun fjárisins gerð sérstaklega upp og endurskoðuð af ytri endurskoðendum borgarinnar samtímis ársreikningi.

Lagt er til að sett verði á laggir valnefnd skipuð þremur fulltrúum, einum frá fjármálaskrifstofu, einum frá umhverfis- og skipulagssviði og einum frá skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, sem hefur það hlutverk gera tillögu til borgarráðs um þau verkefni sem uppfylla þær kröfur sem Græni ramminn gerir og fjármagna má með grænum skuldabréfum.

Miðað er við að einungis þær tillögur komi til kasta borgarráðs sem valnefndin samþykkir samhljóða. Við ákvarðanatöku valnefndar ber henni að leita umsagnar fagaðila hjá umhverfis- og skipulagssviði eða ytri fagaðila ef nauðsyn krefur varðandi hvort verkefnið stenst kröfur skv. Græna ramma. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við meðfylgjandi drög að Grænum ramma, sem er trúnaðarmál á þessu stigi.

Ráðgjafafyrirtækið *Circular Solutions (CS)*, hefur veitt faglega ráðgjöf um framsetningu Græna rammans sem byggir á alþjóðlegum leiðbeinandi viðmiðunarreglum, *Green Bond Principle (GBP)*. Sérfræðingar umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hafa unnið með sérfræðingum CS og fjármálaskrifstofu að því að stilla upp nauðsynlegum gögnum um stefnu, aðgerðaáætlanir og fyrirsjáanleg fjárfestingarverkefni borgarinnar sem heyra undir þennan ramma. Þessi vinna er nauðsynleg og leggur grunn að matinu sem skuldabréfaflokkurinn fær, þ.e. dökkgrænn, grænn eða ljósgrænn. Þetta mat hefur áhrif bæði á vaxtakjör og seljanleika skuldabréfanna.

Drög að Grænum ramma borgarinnar eru til rýningar hjá fyrirtækinu *CICERO* sem leggur mat á Græna rammann og hvort hann flokkast sem *dökkgrænn, grænn* eða *ljósgrænn*. *CICERO* annast slíkt fyrir flesta útgefendur grænna skuldabréfa á Norðurlöndum. *CICERO*, eða annar óháður aðili þarf að staðfesta Græna rammann. Reykjavíkurborg verður skylt að gefa árlega út skýrslu um áhrif grænna fjárfestingaverkefna sem fjármögnuð verða innan Græna rammans og birta með opinberum hætti samhliða skýrslugjöf um ráðstöfun lánsfjárins sem aflað er með grænum skuldabréfum. Gert er ráð fyrir að ytri endurskoðendur staðfesti uppgjör á ráðstöfun lánsfjárins.

Vonir standa til að geta selt nýjan verðtryggðan grænan skuldabréfaflokk á hagkvæmari ávöxtunarkröfu skuldabréf borgarinnar á markaði í dag. Miðað við vaxandi áhuga lífeyrissjóða og fjárfestingarsjóða á samfélagslega ábyrgum lánveitingum, sérstaklega umhverfisvænum fjárfestingum, má telja líklegt að með útgáfu grænna skuldabréfa aukist aðgengi borgarinnar að hagkvæmu lánsfjármagni.

Reykjavíkurborg er með þrjá virka skuldabréfaflokka sem skráðir eru í Kauphöllinni, verðtryggðan flokk með lokagjalddaga á árinu 2053, RVK 53 1, óverðtryggðan flokk með lokagjalddaga á árinu 2035, RVKN 35 1, og verðtryggðan flokk með lokagjalddaga á árinu 2032, RVK 32 1.

Staðan á skuldabréfaútgáfu borgarsjóðs:

	Mkr.	
	Nafnvirði	Bókfært virði
RVK 53 1	22.190	28.890
RVKN 35 1	6.090	4.981
RVK 32 1	4.280	3.463
		37.334

Það er mat fjármálaskrifstofu að ekki sé ráðlegt að stækka skuldabréfaflokkinn RVK 53 1 frekar þar sem greiðslubyrði vegna hans er orðin mjög þung. Þetta styður við tillöguna um að stofna nú nýjan skuldabréfaflokk til að fjármagna græn verkefni Reykjavíkurborgar.

Um þessar mundir er mun meiri eftirspurn eftir verðtryggðum skuldabréfum og hefur ávöxtunarkrafa þeirra lækkað mikið á þessu ári eða um 11-70 bp (sbr. HFF44 úr 1,94% í 1,83% og RIKS21 úr 2,03% í 1,33%). Óverðtryggð ávöxtunarkrafa hefur á sama tíma verið að hækka sem þýðir að verðbólguálag hefur verið að hækka. Því er lagt til að hafa skuldabréfaflokkinn verðtryggðan.

Fjármálaskrifstofa telur að ný tækifæri felist í útgáfu á grænum skuldabréfum. Erlendis hafa

fjárfestar sýnt slíkum bréfum mikinn áhuga og áhugi er vaxandi hérlandis. Fjármálaskrifstofa telur vænlegt að bregðast við þessum áhuga með þessari útgáfu sem yrði sú fyrsta í íslenskum krónum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að borgarráð veiti fjármálastjóra borgarinnar heimild til að ganga til eftirtalinna samninga:

- a) Samningur við Circular Solutions um ráðgjafavinnu við framsetningu á Grænum ramma Reykjavíkurborgar. Drög að þessum samningi liggja fyrir og nemur samningsfjárhæðin 6.750 þús.kr. án vsk og fyrir hverja ársskýrslu 1.500 þús.kr. án vsk.
- b) Samningur við CICERO vegna rýningar og staðfestingar á Grænum ramma borgarinnar liggja fyrir og hefur fjármálastjóri undirritað þau með fyrirvara um samþykki borgarráðs, sjá hjálagt. Samningsfjárhæðin nemur 120.000 NOK auk virðisaukaskatts.
- c) Samningur við Fossar markaðir hf., kt 660907-0250, vegna ráðgjafar við útgáfulýsingu og stofnun skuldabréfaflokksins og sölu á honum í lokuðu upphafsútboði skuldabréfaflokksins. Samningsdrög við Fossa markaði liggja fyrir. Tilboð Fossa hljóðar upp á 0,25% þóknun af seldri fjárhæð sem er áætluð allt að 4.100 mkr. í upphafsútboðinu og er þessi greiðsla fyrir ráðgjöf og vinnu við stofnun flokksins, sölu á skuldabréfum í lokuðu skuldabréfaútboði, vinnu við skráningu í Kauphöll og annarar vinnu í tengslum við útboðið.

Kostnaður við ofangreint er fjármagnaður af fjármagnslið.

Gert er ráð fyrir að selja allt að 4.100 mkr í lokuðu upphafsútboði skuldabréfaflokksins sem rúmast inni í lántökuheimild ársins 2018. Það er mat ráðgjafa fjármálaskrifstofu að mikilvægt sé að geta boðið allt að 4.100 mkr. þannig að allir helstu lífeyrissjóðir landsins hafi tækifæri til að taka þátt í því. Þetta mun verða fyrsta útboð grænna skuldabréfa á Íslandi og eins og áður segir er mikill áhugi fyrir slíkum skuldabréfum.

Eftir upphafsútboðið er gert ráð fyrir að skuldabréfaflokkurinn verði hluti af reglulegum útboðum borgarinnar í kauphöll og að þessi skuldabréfaflokkur verði með viðskiptavakt eins og aðrir skuldabréfaflokkar borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að útgáfulýsingu á skuldabréfaflokknum.

Drög að Grænum ramma (trúnaðarskjal).

Drög að samningi við Circular Solutions ehf. um umsjón með gerð græns skuldabréfaramma.

Drög að samningi við CICERO, undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

ÚTGÁFULÝSING

RAFRÆN ÚTGÁFA SKULDABRÉFA HJÁ NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ HF.

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda

1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda: Reykjavíkurborg.

Kennitala: 530269-7609.

Heimild til útgáfu: Vísað er til samþykktar borgarráðs þann [...] á stofnun á nýjum skuldabréfaflokki [...] og samþykktar lántökuheimildar á árinu 2018 sbr. samþykkt borgarstjórnar [...].

Stofndagur: Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi árið 1786.

Aðsetur: Ráðhúsinu, 101 Reykjavík.

1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Borgarstjóri: Dagur B. Eggertsson kt 190672-5739.

Fjármálastjóri: Birgir Björn Sigurjónsson kt 200249-2169.

1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi starfar samkvæmt sveitastjórnarlögum nr. 138/2011.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna

2.1 Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.

Fossar markaðir hf., kt 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík, sími 522 4000, netfang: olafur.gardarsson@fossar.is, tekur við greiðslum vegna útgáfunnar, inn á vörslureikning fyrir hönd útgefanda, og ráðstafar áfram til útgefanda.

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda, sjá viðauka „skilmálar flokks“.

Auðkenni:	[...]
ISIN:	
Tegund bréfs:	Bréfin eru verðtryggð með jöfnum greiðslum til ársins 2048.
Tilgangur útgáfu:	Skuldabréfin eru gefin út sem „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna græn verkefni í samræmi við ramma Reykjavíkurborgar um græn skuldabréf sem var samþykktur þann [...]. Græni ramminn er birtur á heimasíðu Reykjavíkurborgar http://www.reykjavik.is/ og er aðgengilegur fjárfestum á skrifstofum borgarinnar að Borgartúni 12-14 á skrifstofutíma.
Gjaldmiðill:	ISK.
Heildarútgáfa:	Flokkurinn er opinn. Hámarksheimild nú er 4.100 mkr. Útgefandi hefur heimild til frekari stækkunar á flokknum í framtíðinni.
Útgefið nú:	[...]
Nafnverðseiningar:	Kr. 1,-.
Útgáfudagur:	[...]
Lokagjalddagi:	21. október 2048.
Verðtrygging:	Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu þann [...], eða [...]stig. Höfuðstóll skuldar skv. skuldabréfunum breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga höfuðstóls og vaxta

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfeillingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.
Gjalddagar höfuðstóls og vaxta:	Höfuðstóll og vextir eru greidd með [...] jöfnum greiðslum. Gjalddagar höfuðstóls og vaxta eru tvisvar á ári, 21. apríl og 21. október. Fyrsta greiðsla höfuðstóls og vaxta er 21. apríl 2019.
Greiðslustaður:	Greiðslustaður höfuðstóls og vaxta á gjalddögum er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við greiðsluupplýsingar frá Nasdaq verðbréfamistöð hf., og hver reikningsstofnun útdeilir greiðslum á vörslureikninga skuldabréfaeiganda.
Vextir:	[...] flatir vextir.
Dagaregla:	30E/360.
Fyrsti vaxtadagur:	[...]
Útreikningsaðili:	Útgefandi mun sjá um að reikna út greiðslur af skuldabréfunum á hverjum gjalddaga í samræmi við skilmála þeirra.
Uppgreiðsluheimild:	Óheimilt er að greiða skuldabréfin upp fyrir gjalddaga. Útgefanda skal þó heimilt að kaupa skuldabréfin, í heild eða að hluta, á eftirmarkaði.
Tryggingar:	Skuldabréfin eru óveðtryggð.
Vanskil og dráttarvextir:	Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfeldri upphæð.
Sérstök skilyrði:	<u>Nýting fjármagns:</u> <u>Útgefandi skal nýta fjármagn sem hann mottækur vegna útgáfu skuldabréfanna í græn verkefni í samræmi við ramma Reykjavíkurborgar um græn skuldabréf.</u> <u>Sérstök endurskoðun:</u>

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	<p>Ytri endurskoðandi skal staðfesta að minnsta kosti einu sinni á ári að útgefandi hafi nýtt fjármagn í samræmi við grænan ramma Reykjavíkurborgar um græn skuldabréf.</p> <p><u>Rétthæð krafna:</u></p> <p>Kröfur samkvæmt skuldabréfaflokki þessum skulu ávallt vera jafnréttháar (e. pari passu) innbyrðis og á hverjum tíma jafnréttháar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda, öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til skuldabréfaeiganda í floknum RVKG XX X nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeiganda flokksins.</p> <p><u>Tilkynning um vanefnd:</u></p> <p>Verði útgefandi var við hvers kyns vanefndartilvik samkvæmt skilmálum skuldabréfanna skuldbindur hann sig til að birta tilkynningu í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. ef skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. en að öðrum kosti senda Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. slíka tilkynningu, sem kemur upplýsingunum áfram til skuldabréfaeiganda.</p>
<p>Gjaldfellingarheimildir:</p>	<p>Einstakur skuldabréfaeigandi hefur ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldabréf sitt. Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins, sem koma fram hér á eftir, eru háðar því skilyrði að eigendur að meira en 25% skuldabréfa að nafnvirði samþykki slíkt á fundi sem útgefandi heldur.</p> <p>Útgefandi skal boða til fundar innan mánaðar frá því að: a) hann fær beiðni um slíkt frá skuldabréfaeiganda eða b) hann hefur vanefnt skilmála skuldabréfsins að öðru leyti. Útgefandi skal boða til fundarins með minnst viku fyrirvara með tilkynningu í fréttakerfi</p>

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	<p>Nasdaq Iceland hf. Meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. mun útgefandi koma fundarboðum til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., sem kemur þeim áfram til skuldabréfaeiganda.</p> <p>Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skulu birtar í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. eða send Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., sem kemur upplýsingum áfram til skuldabréfaeiganda á meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.</p> <p>Í samræmi við framangreint er skuldabréfaeiganda heimilt að krefjast gjaldfellingar á skuldinni í eftirfarandi tilvikum:</p> <ol style="list-style-type: none"><u>1. Vanefnd á greiðslum skv. skuldabréfunum:</u> Hafi greiðsla skv. skuldabréfunum ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga inn á vörslureikning eiganda skuldabréfsins, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma tilkynnt útgefanda með eðlilegum fyrirvara og á sannanlegan hátt staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun hér á landi ásamt bankareikningi tengdum viðkomandi vörslureikningi.<u>2. Vanefnd á öðrum skuldbindingum:</u> Vanefni útgefandi fjárhagslegar skuldbindingar sínar samkvæmt lánasamningum eða verði vanskil hjá útgefanda á greiðslu annarra fjárskuldbindinga sem hann hefur gefið út, umfram 1.500 milljónir króna fyrir einstakar skuldbindingar eða að slík vanskil útgefanda nema að samtölu meira en 3.000 milljónum króna þegar viðkomandi skuldbindingar falla í gjalddaga og útgefandi hefur ekki komið í skil innan 30 daga frá gjalddaga. Þetta á þó ekki við ef slík
--	--

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	<p>vanefnd stafar af réttlætanlegum mótmælum útgefanda við slíkri kröfu og eðlilegum vörnum er haldið uppi. Framangreindar viðmiðunarfjárhæðir skulu breytast til samræmis við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu þann [...], eða [...]stig.</p> <p>3. <u>Svipting fjárforræðis</u> Ef útgefandi er sviptur fjárforræði samkvæmt 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.</p> <p>4. <u>Sérstök skilyrði:</u> Ef útgefandi vanefnir sérstöku skilyrðin sem tilgreind eru hér að framan.</p> <p>5. <u>Taka til viðskipta:</u> Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. fyrir [30. Júní 2019] og ef skuldabréfin eru tekin úr viðskiptum fyrir lokagjaldaga þeirra.</p> <p>Verði skuldin gjaldfelld, sbr. framangreint, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna, sbr. þó 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.</p>
<p>Upplýsingar um eigendur:</p>	<p>Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldabréfanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og þeim reikningsstofnunum þar sem skuldabréfin eru geymd á vörslureikningum. Útgefandi skal fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og ekki afhenda þriðja aðila upplýsingarnar nema útgefanda beri skylda til samkvæmt lögum.</p>

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Atkvæðisréttur:	Atkvæðisréttur skuldabréfaeiganda skv. skilmálum þessum miðast við nafnverðsfjárhæðir hvers skuldabréfaeiganda sem hlutfall af skuldabréfaflokknum. Eigin bréf útgefanda veita útgefanda ekki atkvæðisrétt og skulu þau skuldabréf ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti.
Framsal:	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og er reikningstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., að undangenginni lokafærslu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.
Stimpilgjald:	Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld.
Ágreiningsmál:	Um skuldabréf þessi gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfaflokki þessum, má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.
Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði:	Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. fyrir [30. Júní 2019]
Breytingar á skilmálum:	Útgefandi getur óskað eftir breytingu á skilmálum skuldabréfanna. Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfunum þarf samþykki eigenda 66,67% skuldabréfa (að nafnvirði) sem mættir eru á réttilega boðaðan kröfuhafafund samkvæmt skilmálum skuldabréfaútgáfu þessarar. Útgefandi annast fundarboðun. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skuldabréfaeiganda skulu tilkynnt Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Afskráning:	Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.
--------------------	--

Annað:

2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

Skil á staðgreiðsluskatti er á ábyrgð eiganda hvers skuldabréfs á hverjum tíma.

2.5 Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. ráðstafar útgefnum skuldabréfum á vörslureikning útgefanda [...] hjá Fossum mörkuðum hf.

2.6 Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynlegar.

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

3.1 Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.

Reykjavíkurborg., kt 530269-7609, fjármálastjóri, Birgir Björn Sigurjónsson. s. 411 1111, netfang: fjarstyring@reykjavik.is.

3.2 Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Endurskoðandi Reykjavíkurborgar frá árinu 2014 til ársins 2017 er KPMG ehf. kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Sími 545 6000.

Endurskoðandi Reykjavíkurborgar frá árinu 2018 til ársins 2022 er Grant Thornton endurskoðun ehf. kt. 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík. Sími 520 7000.

3.3 Nöfn, netföng og símar starfsmanna þeirrar reikningsstofnunar sem annast útgáfulýsinguna.

Fossar markaðir hf., kt 660907-0250, Ólafur Ragnar Garðarsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum, s. 522 4020, netfang:olafur.gardarsson@fossar.is.

4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.

Á ekki við.

4.2 Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann [...] á stofnun á nýjum skuldabréfaflokki [...] og samþykktar lántökuheimildar á árinu 2018 sbr. samþykkt borgarstjórnar [...].

4.3 Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.

Fossar markaðir hf. önnuðust sölu skuldabréfanna í upphafi. Samningur milli aðilanna er trúnaðarmál.

4.4 Óski Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldprotaskiptum.

Á ekki við.

4.5 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. telur nauðsynleg.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Á ekki við.

Staður: Reykjavík

Dags: [...]

F.h. útgefanda skv. umboði

F.h. Fossa markaða hf.,

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri

Haraldur Þórðarsson, forstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift útgefanda:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Skilmálar flokks

Útgefandi	Reykjavíkurborg
Kennitala	530269-7609
Heimilisfang	Ráðhúsið, 101, Reykjavík
LEI kóði	213800VNZTUTHLESGP19
Skuldabréf/víxlar:	Skuldabréf
Auðkenni (Ticker)	[...]
ISIN númer	[...]
CFI númer	D-N-F-U-F-R
FISN númer	[...]
Tegund afborgana	Jafngreiðslubréf
Gjaldmiðill	ISK
Nafnverðseining í verðbréfaskráningu	1 kr.
Heildarheimild sbr. útgáfulýsingu	Opinn flokkur. Hámarksheimild nú [...]
Heildarútgáfa	[...]

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Upphæð gefin út nú	[...]
Útgáfudagur	[...]
Fyrsti gjalddagi höfuðstóls	21. apríl 2019
Fjöldi gjalldaga höfuðstóls í heildina	[...]
Fjöldi á ári	2
Lokagjalddagi höfuðstóls	21. október 2048
Vaxtaþrósent	[...]
Vaxtaruna ef breytilegir vextir	
- Vaxtaruna, ef annað	
Álagsþrósent á vaxtarunu	
Reikniregla vaxta	Einfaldir
- Reikniregla vaxta, ef annað	
Dagaregla	30E/360
- Dagaregla, ef annað	
Fyrsti vaxtadagur	[...]
Fyrsti vaxtagjalddagi	21. apríl 2019
Fjöldi vaxtagjalldaga á ári	2
Fjöldi vaxtagjalldaga í heildina	[...]
Vístölutrygging	Já
Nafn vísitölu	Vísitala neysluverðs til verðtryggingar
Dagvísitala eða mánaðarvísitala	Dagvísitala
- Dagvísitala eða mánaðarvísitala, ef annað	
Grunngildi vísitölu	[...]
Dags. grunnvísitölugildis	[...]
Verð með áföllnum vöxtum/án áfallinna vaxta (e. dirty price/clean price)	Án áfallinna vaxta
Innkallanlegt	Nei
Innleysanlegt	Nei
Breytanlegt	Nei
Aðrar upplýsingar	
Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.)	Nei
Ef óreglulegt greiðslufæði, þá hvernig	Nei
Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?	Nei

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

SAMNINGUR UM UMSJÓN MEÐ GERÐ GRÆNS RAMMA VEGNA ÚTGÁFU
REYKJAVÍKURBORGAR Á GRÆNUM SKULDABRÉFUM OG GERÐ ÁRLEGRAR SKÝRSLU UM
LOFTSLAGSÁHRIF VERKEFNA REYKJAVÍKURBORGAR SEM ERU Í GRÆNA RAMMANUM

Samningur þessi er gerður milli Circular Solutions ehf., kt. 450916-1960, Ljósakri 6, 210 Garðabæ (hér eftir nefnt „verksali“) og Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „verkkaupi“).

1. INNGANGUR

- 1.1. Verkkaupi hefur í hyggju að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk sem er með sérstökum skilyrðum varðandi nýtingu fjármagns sem hann móttekur vegna sölu skuldabréfanna í græn verkefni verkkaupa í samræmi við Grænan ramma (e. Green Bond Framework) verkkaupa.
- 1.2. Verkkaupi hefur einnig í hyggju að gefa út árlega skýrslu um umhverfisleg áhrif fjármagnaðra verkefna skv. Græna rammanum (e. Annual Impact Report).
- 1.3. Verksali hefur samþykkt að hafa umsjón með gerð Græna rammans og árlegra skýrslna um árangur verkefnisins (hér eftir nefnt „verkefnið“) og er þessi samningur gerður til að skilgreina verkefnið nánar og réttindi og skyldur aðila í tengslum við það.

2. VERKEFNIÐ

2.1. Með undirritun þessa samnings tekur verksali að sér eftirfarandi verkefni:

2.1.1. Grænn rammi (e. Green Bond Framework):

- 2.1.1.1. Forvinnu vegna útgáfu græns skuldabréfs, þ.m.t. fundir, símafundir, og kynningarfundur með starfshópi verkkaupa, tilboðsgerð uppsetning á kynningarefni til fræðslu starfsmanna verkkaupa o.fl.
- 2.1.1.2. Undirbúningsvinnu við Græna rammann þ.m.t. greining ramma sambærilegra útgefenda, skoðun annarra álita á útgáfur sambærilegra útgefenda, skoðun mögulegra verkefna útgefenda (þ.á.m. verkkaupa), o.fl.
- 2.1.1.3. Samskipti við aðila sem koma að verkefninu þ.m.t. aðila sem veita annað álit og aðra mögulega verktaka sem verkkaupi ræður vegna útgáfu grænna skuldabréfa.
- 2.1.1.4. Vinnustofur með starfshópi verkkaupa.
- 2.1.1.5. Fundir og samskipti með starfsmönnum verkkaupa, með fjárfestum, o.fl. tilfallandi.
- 2.1.1.6. Þýðingar og skjalavinnslu fyrir verkkaupa.
- 2.1.1.7. Veita upplýsingar og annað vinnuframlag sem þörf er á við vinnslu annars álits (e. Second Opinion), í samráði við verkkaupa.

2.1.2. Ársskýrsla á lofslagsáhrifum (e. Annual Impact Report):

- 2.1.2.1. Uppsetning á skýrslu m.v. það sem fram kemur í Græna ramma verkkaupa og útreikningar á umhverfisáhrifum. Ekki er falið í þessari vinnu sérstök greining á einstaka verkefnum t.d. lífsferilsgreining (Life-Cycle Assessment).

2.2. Vinna verksala byggir alfarið á þeim upplýsingum og gögnum sem verksali fær í hendur frá verkkaupa, sem og opinberum upplýsingum. Verkkaupi skuldbindur sig til að veita verksala aðgang að öllum upplýsingum sem nauðsynlegar geta talist.

- 2.3. Verksali skal vinna verkefnið í forgangi eftir strangri tímalínu sem verkkaupi hefur unnið í samráði við verksala.
- 2.4. Verkefnið skal vera á forræði verkkaupa sem skal taka endanlegar ákvarðanir varðandi verkefnið. Verkefnið kann að taka breytingum á samningstímanum.

3. ÞÓKNUN

- 3.1. Fyrir vinnu verksala við verkefnið skal verkkaupi greiða verksala eftirfarandi þóknunir:

- 3.1.1. Fyrir vinnu við Græna rammann, sbr. 2.1.1, skal verkkaupi greiða verksala þóknun að fjárhæð kr. 6.750.000,- auk vsk. Greiðsla þessi er einskíptisgreiðsla.

Greiðslan skal greidd þegar þeim hluta verkefnisins er sannarlega lokið.

Verkefninu er sannarlega lokið þegar verksali hefur rýnt og staðfest Grænan ramma verkkaupa eða ef verkkaupi hættir við verkefnið áður þessum hluta verkefnisins er lokið.

- 3.1.2. Fyrir hverja ársskýrslu á loftlagsáhrifum skal verkkaupi greiða fasta þóknun að fjárhæð kr. 1.500.000,- auk vsk. sem kemur til greiðslu þegar verksali hefur afhent tilbúna skýrslu á loftlagsáhrifum.

- 3.2. Fyrir aukaverk sem ekki falla undir gerð Græna rammans eða gerð ársskýrslu á umhverfisáhrifum (s.s. við uppfærslu á Græna rammanum) skal verkkaupi greiða tímagjald að fjárhæð kr. 22.500,- á klst. auk vsk. eða semja sérstaklega um þóknun vegna aukaverka. Aukaverk má ekki vinna nema að fengnu fyrirfram samþykki verkkaupa.

4. GILDISTÍMI OG UPPSÖGN

- 4.1. Samningur þessi er ótímabundinn en þó innan tímamarka verkefnisins þ.e. uppgreiðslu skuldabréfa sem gefin eru út undir Græna rammanum.
- 4.2. Þrátt fyrir ákvæði um gildistíma samningsins er báðum aðilum heimilt að segja upp samningnum miðað við 6 mánaða uppsagnafrest hvenær sem er á samningstímanum.

5. VANEFNDIR

- 5.1. Aðilar þessa samnings skulu í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.2. Verði vanefndir á samningi þessum skal sá sem telur á sér brotið senda skriflega tilkynningu til gangaðila þar sem vanefndum er lýst og úrbóta krafist. Frestur til að bregðast við áminningu skal vera 10 virkir dagar frá móttöku áminningar. Ef ekki bætt úr vanefndinni innan frestsins er heimilt að rifta samningnum. Riftun skal vera skal vera skriflega og sannarlega send gangaðila.

6. UPPLÝSINGASKYLDA

- 6.1. Aðilar þessa samnings bera meðal annars eftirfarandi skyldur gagnvart hvorum öðrum:

- 6.1.1. Að veita réttar, glöggar og greinagóðar upplýsingar um alla þætti sem snúa að verkefninu í þeim tilgangi að aðilar geti rækt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

- 6.1.2. Að tilkynna án tafar um upplýsingar er varða verkefnið og eru þess eðlis að þær kunni að hafa áhrif á verkefnið, framkvæmd þess og/eða getu aðila til að uppfylla samning þennan.

- 6.1.3. Að ráðfæra sig við hvorn annan áður en mögulegt tilkynning verður send til fjölmiðla í tengslum við verkefnið og skulu báðir aðilar vera sáttir við slíkar tilkynningar. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða tilkynningarskyldar upplýsingar samkvæmt lögum og reglum.

7. ÁBYRGÐ

- 7.1. Aðilar þessa samnings eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkbanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkban gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.
- 7.2. Ábyrgð verksala takmarkast við beint eða óbeint tjón sem verkkaupi verður fyrir á grundvelli samningsins og rekja má til aðgerða eða aðgerðarleysi verksala, hvort sem er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

8. TRÚNAÐARMÁL

- 8.1. Verkkaupi skal veita verksala allar nauðsynlegar upplýsingar sem auðvelda geta framgang verkefnisins samkvæmt samningi þessum. Allar upplýsingar sem aðilar fá og/eða hafa fengið í tengslum við verkefnið eru trúnaðarmál nema í eftirfarandi tilvikum:
 - 8.1.1. Ef aðilar hafa samþykkt skriflega að slíkar upplýsingar séu ekki bundnar trúnaði.
 - 8.1.2. Ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða dómur mæla fyrir annað.
- 8.2. Ofangreind ákvæði um trúnað eiga ekki við um upplýsingar sem voru opinberar þegar aðilar fengu aðgang að þeim eða urðu síðar opinberar.
- 8.3. Ákvæði þessi um trúnað skulu vera áfram í gildi eftir að verkefninu er lokið óháð ástæðum samningsloka.

9. AFHENDING OG MEÐFERÐ GAGNA

- 9.1. Einungis skal afhenda gögn á sérstöku svæði verkefnisins í Dropbox sem verkkaupi hefur sett upp og veitt verksala aðgang að eða á annan sambærilegan afhendingarmáta. Verksali hefur engar heimildir til að vista gögnin á öðrum svæðum eða dreifa á nokkurn hátt.

10. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 10.1. Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum þessa samnings.
- 10.2. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og skal hvor aðili halda eftir einu frumeintaki.
- 10.3. Um samning þennan gilda íslensk lög. Komi upp ágreiningur um tilurð eða efni samnings þessa skulu aðilar eftir fremsta megni leitast við að leysa úr honum með viðræðum. Takist ekki að leysa ágreining með samkomulaginu skulu dómsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 10.4. Verksala er heimilt að nota merki verkkaupa á heimasíðu sinni sem viðskiptavinur. Verksala er heimilt að skrifa lýsingu á verkefni og sköpuðu virði til birtingar á heimasíðu hans, birting sé þó háð samþykki verkkaupa en aðilar skulu vera sammála um lýsinguna til birtingar.

Reykjavík, XX. nóvember 2018

Bjarni Herrera

Birgir Björn Sigurjónsson

DRÖG

Contract

Between

CICERO Center for International Climate Research ("CICERO")
P.O. Box 1129 Blindern, N- 0318 OSLO, Norway
Org. Number: 971274190

and

THE CITY OF REYKJAVIK (the "Issuer" or the "Company")
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Borgartún 12-14, 105 Reykjavik, Island

1. Preliminaries – Project description

This contract is for CICERO reviewing the City of Reykjavik's framework for issuing green bonds, based on the green bond framework and supporting documents made available to CICERO by the City of Reykjavik. CICERO's deliverable is an independent assessment of the City of Reykjavik's green bond framework ("Second Opinion"), where the green bond funding should aim to support a low-carbon and climate change resilient future. This assessment will be founded on suggested projects and technologies eligible for green bond funding, the Company's capacity to carry out the intended investments, and transparency of the green bond process.

CICERO's Second Opinions are restricted to an evaluation of the mechanisms or framework for selecting eligible projects at a general level. CICERO does not validate or certify the climate effects of single projects, and thus, has no conflict of interest in regard to single projects. CICERO is neither responsible for how the framework or mechanisms are implemented and followed up by the institutions, nor the outcome of investments in eligible projects.

2. Schedule

Based on knowledge that is available at the time of issuance, CICERO assess whether the green bond framework can support the City of Reykjavik's stated objectives on low-carbon and climate change resilient growth.

CICERO's Second Opinion is based on documentation provided by the City of Reykjavik and information gathered during meetings, teleconferences and e-mail correspondence with the Issuer. In addition to the green bond framework, CICERO reviews documentation on environmental policies, guidelines, standards and regulations that serve as a basis for the Issuer's operations and environmental ambitions.

Once CICERO has received the documentation from the Issuer, CICERO will start drafting the Second Opinion and raise questions for clarification if needed. Depending on CICERO's available capacity, Issuers will typically receive a draft Second Opinion within two weeks. The parties shall, either by phone or in writing, go through outstanding questions and update the draft Second Opinion, where necessary. The Issuer will normally receive a final Second Opinion within 3 to 5 weeks, depending on the responsiveness of the issuer and the completeness of the documentation.

DBS

3. Fees

CICERO shall be entitled to a fee of a minimum sum of NOK 120.000 for the work and deliverance of Second Opinion in accordance with this contract. The minimum sum is based on 37,5 hours of work.

If the assignment with the Second Opinion entails more work hours than the minimum hours, then CICERO shall be entitled to an additional fee of NOK 2000 for each exceeded hour of work. CICERO will advise the issuer if work hours are approaching the maximum.

Value added tax (VAT) and any other applicable taxes will be added in addition to the amounts specified above in accordance with the rules in effect.

4. Cost and expenses

In addition to the fees stated in section 3, Issuer shall reimburse CICERO for any costs or expenses CICERO incurred in connection with the engagement, such as travel expenses etc. CICERO will consult with the Issuer before any substantial costs or expenses are incurred. Reimbursable costs and expenses will be invoiced in accordance with section 6.

5. Budget

Type of cost (NOK)	Description	Sum
Work hours	Preparation of second opinion on green bond issuance by the City of Reykjavik	120.000 plus any additional hours
Other costs		0
TOTAL		120.000 NOK

6. Invoicing and payment

CICERO will invoice the City of Reykjavik for the fees, costs and expenses upon completion of the Second Opinion, including additional hours as explained in section 3.

Unless otherwise agreed, the payment terms are 14 days from the date of invoice. If the payment due date is not met, CICERO reserves the right to demand late payment interest pursuant to the Act relating to interest on overdue payments etc. from the due date until payment is made, plus any collection or recovery costs.

7. Confidentiality

The parties undertake to treat the existence and content of this contract as confidential. CICERO undertakes to treat any information concerning matters related to this contract as confidential, as long as such information is not publicly available or commonly known in the market. The duty of confidentiality only encompasses information directly related to the Issuer, and does not include general information regarding industrial matters, general industrial knowledge, etc.

CICERO may involve and provide confidential information to external experts through the Expert Network on Second Opinions (ENSO), as long as these are bound by the same duty of confidentiality as CICERO.

DBS

CICERO encourages the Issuer to make the Second Opinion publicly available. If any part of the Second Opinion is quoted, the full report must be made available. Before the issuance of green bonds under the framework, the Issuer shall inform CICERO if the Second Opinion will be made publicly available. In the case the Opinion will be made publicly available, CICERO publishes the Opinion on its website when the bond is issued.

8. Term

The term of this contract shall expire when the Second Opinion has been completed and all payment obligations have been met.

The contract may be terminated at any time and with immediate effect upon written notice to the other party. The Issuer is obligated to pay CICERO's fee, costs and expenses, as well as the VAT accrued until the termination of work and work that is necessary thereafter, regardless of who has terminated the contract. If the contract is terminated and a fixed fee has been agreed on, CICERO reserves the right to invoice the number of hours spent on the case in accordance with the hourly rate stated in clause 3.

9. Limitation of liability

CICERO's potential liability for damages under this contract, including liability for any employees, shall in all circumstances be limited upwards to the amount invoiced. CICERO are not, under any circumstances, liable for any form of indirect or consequential losses, including operating losses, loss of earnings, loss of goodwill, etc. In any event, CICERO's potential liability is limited to damages caused by gross negligence, willful misconduct or fraud.

10. Choice of law rules and jurisdiction

This contract shall be governed by and construed in accordance with Norwegian law.

Oslo District Court shall be the court of venue for any dispute arising from the contractual relationship between CICERO and the Issuer.

11. Signature

The signatory signing on behalf of CICERO and the Issuer warrants that he/she holds the right to enter into this contract.

This contract has been signed in two copies, of which CICERO and the City of Reykjavik retain one each.

Place / Date:

Oslo, 2018

Place / Date: Reykjavik, October 26th 2018

Provisional signment pending on approval of
the City Council



THE CITY OF REYKJAVIK

CICERO

Director Kristin Halvorsen

